

Mánudaginn 4. mars 1985.

Nr. 34/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Páli Arnari Georgssyni

Kærumál. Hald á munum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 19. febrúar 1985, sem barst Hæstarétti 26. s.m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að honum verði fengin umráð myndbanda þeirra, sem hald var lagt á.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Vestmannaeyja 19. febrúar 1985.

Mál þetta, sem kom til kasta sakadómsins í dag og tekið var til úrskurðar samdægurs, er þannig til komið, að hinn 1. þ.m. ritaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið öllum lögreglustjórum landsins bréf, þar sem ráðuneytið ákvað að höfðu samráði við ríkissaksóknara, að löggæslumenn í hverju umdæmi skyldu fara í eftirlitsferð í allar myndbandaleigur hvers lögsagnarumdæmis mánudaginn 18. febrúar og ef einn dagur reyndist ekki nægilegur, þá einnig daginn eftir.

Upplagt var, að löggæslumenn legðu hald á allar myndir, sem úrskurðaðar hefðu verið ofbeldismyndir af Kvikmyndaeftirliti ríkisins, en bréfi ráðuneytisins fylgdi sérstakur listi þar að lútandi frá kvikmyndaeftirlitinu, dagsettur 3. þ.m.

Í tilefni af þessum fyrirmælum fóru þrír lögreglumenn í Vestmannaeyjum kl. 21.30 í gær í húsakynni myndbandaleigunnar Músík og myndir að Skólavegi 13 hér í bæ til þess að leggja hald á myndbönd, er hafa að geyma

myndir, sem að dómi kvikmyndaeftirlitsins eru ofbeldismyndir í skilningi laga nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Í hillum myndbandaleigunnar fundu lögreglumennirnir fimm myndbönd, sem höfðu að geyma kvikmyndir, sem eru á áðurnefndum lista kvikmyndaftirlitsins, en myndir þessar heita: „Confessional murders“, „Happy birthday to me“, „Nightmare makers“, „Halloween II“ og „Communion“. Eigandi myndbandaleigunnar, Páll Arnar Georgsson, f. 4. mars 1958, til heimilis að Skólavegi 8 hér í bæ, neitaði að afhenda lögreglumönnunum ofan nefndar myndir nema gegn dómsúrskurði. Tóku lögreglumennirnir því aðeins hulstrin utan af þeim, en kærði lofaði að setja myndirnar ekki í umferð.

Kærði var því kvaddur fyrir sakdóm í dag. Hann kvaðst vera eigandi fyrirtækisins Músík og myndir og tilgangur þess væri m.a. að leigja út myndbönd.

Kærði staðfesti, að hann hefði neitað að afhenda fimm myndbönd, er lögreglan kom á vettvang í gærkvöldi. Hann kvaðst ekki hafa neitað lögreglumönnunum að leita í húsakynnum myndbandaleigunnar, heldur hefði hann einungis lagt bann við því, að þeir legðu hald á myndböndin, og að hann myndi ekki afhenda myndbönd í sinni vörslu nema að undangengnum dómsúrskurði. Kvað hann neitun sína hafa byggst á því, að hann hefði keypt þrjár þessara mynda, sem allar væru merktar með miða Kvikmyndaftirlits ríkisins, af Myndböndum h.f. í Reykjavík, sem áður var Myndbandaleiga kvikmyndahúsanna. Taldi sig því hafa verið í fullum rétti að leigja þær viðskiptavinum sínum. Kærði lét þess sérstaklega getið, að tvær myndanna, þ.e. „Confessional murders“ og „Happy birthday to me“, væru frá fyrirtækinu Skífunni og „Halloween II“ væri frá Regnboganum, en ofan nefnt fyrirtæki, þ.e. Myndbönd h.f., væri dreifingaraðili fyrir rétt-hafa.

Hvað varðar hinar tvær myndirnar upplýsti kærði, að „Communion“ væri frá J.S. video í Reykjavík, en honum væri ókunnugt um, hvaðan „Nightmare makers“ væri komin, en báðar síðasttöldu myndirnar hefðu fylgt með í kaupunum, er hann keypti fyrirtækið um sl. áramót.

Kærði kvað allar þessar myndir hafa verið leigðar út að undanskilinni myndinni „Communion“. Hann kvaðst einungis hafa séð eina þessara mynda, þ.e. „Happy birthday to me“, og kvað það verða að viðurkennast, að sú mynd væri mjög mikil ofbeldismynd.

Kærði kvaðst enn vera sama sinnis um það að neita að afhenda þær myndir, sem finnast kynnu hjá honum og væru á bannlista kvikmyndaftirlitsins, sökum þess, að hann teldi sig vera í fullum rétti, þar eð hann hefði keypt rétt til að leigja þær út og sömuleiðis að meirihluti myndanna væri merktur með límmiðum Kvikmyndaftirlits ríkisins, sem tilgreini hverjum

sé óheimilt að horfa á myndirnar. Jafnframt kvaðst kærði vera með í huga hugsanlega bótaábyrgð þeirra, sem seldu honum myndböndin með þeim réttindum og skyldum, sem því fylgja.

Loks kom það fram hjá kærða, að auk þeirra mynda, sem hann hefur í afgreiðslusal sínum að Skólavegi 13, þá hafi hann lager í kjallara sama húss. Kvað hann lögreglunni velkomið að kanna þar aðstæður, en það myndefni, sem þar kunni að finnast og sé á lista kvikmyndaeftirlitsins, neiti hann að afhenda nema að undangengnum úrskurði.

Myndir þær, sem lýst er hér að framan, svo og aðrar þær myndir, sem eru á lista kvikmyndaeftirlitsins og finnast kunna við frekari leit hjá kærða, geta haft sönnunargildi í rannsókn þeirri, sem beinist gegn kærða og lýst er hér að framan. Þá má einnig búast við því, að krafa verði gerð um upp-töku kvikmyndanna samkvæmt 4. gr. laga nr. 33/1983.

Með vísan til framanritaðs svo og þess, að með leigu kvikmynda af þessu tagi kann kærði að hafa gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 33/1983, þykir með skírskotun til 43. gr. laga nr. 74/1974 rétt að heimila lögreglunni í Vestmannaeyjum að leggja hald á ofanefndar myndir svo og þær myndir, sem eru á lista kvikmyndaeftirlitsins og finnast kunna í húsakynnum kærða að Skólavegi 13 hér í bæ.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Lögreglunni í Vestmannaeyjum er heimilt að leggja hald á framan-greindar kvikmyndir svo og þær myndir, sem eru á skrá Kvikmynda-
eftirlits ríkisins, dagsettri 3. þ.m., og það hefur úrskurðað ofbeldis-
kvikmyndir skv. lögum nr. 33/1983, og finnast kunna hjá Páli Arnari
Georgssyni í húsakynnum fyrirtækis hans, Músík og myndum, Skóla-
vegi 13, Vestmannaeyjum.